

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðrhálendis
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Austurvegi 56
800 Selfoss

Garðabær, 19. febrúar 2023
Málsnúmer: 202301-0104

Efni: Umsögn um tillögu að svæðisskipulagi Suðrhálendis.

Vísað er í tölvupóst frá svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðrhálendis, dags. 13. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um greinargerð og umhverfisskýrslu Svæðisskipulags Suðrhálendis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Svæðisskipulagið nær yfir hálendissvæði níu sveitarfélaga og um afar víðfeðmt og fjölbreytt svæði er að ræða. Vinna svæðisskipulags fyrir hálendissvæði af þessu tagi á sér ekki fordæmi héraðs og því mikilvægt að rýna þær forsendur og aðferðir sem stuðst er við og þau viðmið og þann þekkingargrunn sem býr að baki ákvarðanatöku um einstaka efnisþætti tillögunnar. Viðfangsefni skipulagsins eru fjölmörg sem endurspeglast í efnismikilli greinargerð og umhverfisskýrslu. Að mörgu er að huga fyrir umsagnaraðila og munu athugasemdir Náttúrufræðistofnunar fyrst og fremst beinast að þeim þáttum er tengjast verksviði stofnunarinnar, þ.e. áhrif áforma skipulagsins á náttúruafsvæðisins, lífríki, jarðminjar og landslag.

Þess ber að geta að Náttúrufræðistofnun kom að hluta vinnunnar við gerð svæðisskipulagsins, þ.e. að meta verndargildi landslags með tillit til jarðminja og hvernig þær hafa áhrif á flokkun landslags. Sú vinna var mikilvægur hluti af þeim upplýsingum sem stuðst var við í endanlegri greiningu og flokkun á landslagi og mati á verndargildi landslagsheilda.

Ekki verður veitt umsögn um þann hluta greinargerðar sem byggist á vinnu Náttúrufræðistofnunar en hins vegar verður veitt umsögn um önnur efnisatriði sem landslagsgreiningin byggir á sem og endanlegri niðurstöðu hennar, ef tilefni þykir til.

Almennt

Þau áform sem fjallað er um í svæðisskipulaginu og byggjast á vali á svokallaðri sviðsmynd B miðað við valkostagreiningu umhverfisskýrslunnar, fela mörg í sér töluverða breytingu á notkun og eðli Suðrhálendisins og einstakra svæða innan þess. Þetta á einkum við um áform um uppbyggingu nýrra innviða t.d. fyrir samgöngur og ferðaþjónustu. Í ljósi þess að Suðrhálendið er að stærstum hluta þjóðlenda og þar með eign ríkisins, og þar að auki hluti af stærra svæði sem er Miðhálandi Íslands, ætti ákvarðanatöku sem felur í sér mjög breytta stefnu um notkun og eðli að eiga sér stað í stærra hópi en hér hefur verið gert. Ekki síst því stefnubreytingin er að sumu leyti á skjön við stefnu gildandi og leiðbeinandi Landsskipulagsstefnu. Auk þess sem vitað er að sjónarmið um hlutverk og eðli hálendissvæða



eru margskonar og oft afar ólík. Æskilegt væri að unnin væri ein heildstæð stefna fyrir Miðhálandi Íslands til að koma í veg fyrir að margar og ólíkar áherslur, sem afmarkast af sveitarfélagsmörkum, gildi fyrir hálandið.

Þótt sviðsmynd B feli í sér einhvers konar málamiðlun milli sjónarmiða þar sem verndun er í öndvegi annars staðar (sviðsmynd A) og þar sem nýting af ýmsum toga er í öndvegi hins vegar (sviðsmynd C), þá er hún engu að síður mikil breyting frá þeirri stefnu sem ríkt hefur hingað til og er nær sviðsmynd A. Vissulega breytast áherslur og viðmið með tímanum og nauðsynlegt að svigrúm sé fyrir breytingar. En því er ekki hægt að neyta að í tillögunni að svæðisskipulaginu eru lagðar fram verulega miklar áherslubreytingar og slíkar breytingar er heillavænna að skoða fyrst og betur í heildarsamhengi alls hálandisins áður en ákvarðanir eru teknar fyrir hluta þess.

Náttúrufræðistofnun Íslands er almennt frekar fylgjandi aukinni verndun á miðhálandinu heldur en að opnað sé fyrir aukna umferð og nýtingu. Það er vegna þess að náttúrufræðistofnunin er víðast hvar með mjög hátt verndargildi (þó mismikið sé) út af jarðminjum, landslagi, víðernum og lífríki. Verndargildið er einkum vegna sérstöðu náttúrufræðistofnunarinnar, jafnvel á alþjóðlega vísu, en ekki síst út af viðkvæmni þess. Við berum mikla alþjóðlega ábyrgð á að vernda þau víðerni sem eftir eru á hálandinu og þrátt fyrir lágstemmda vegslóða og fjallasel víða á hálandinu, þá verður samt um manngerð áhrif að ræða á öröskuðu svæði sem geta haft mikil samlegðaráhrif á víðerni. Hættan er á að með aukinni nýtingu og bættu aðgengi fylgi umtalsverð fjölgun á atvikum þar sem óæskileg truflun, rask eða jafnvel óafturkræfar skemmdir verða á náttúruminum, víðerni og landslagi, hvort sem það er meðvitað eða ekki. Varúðarsjónarmið ættu því að vera sérstaklega ríkjaandi varðandi allar ákvarðanir á hálandinu. Að mati Náttúrufræðistofnunarinnar býður tillaga svæðisskipulagsins því miður hættunni heim hvað þetta varðar þótt vissulega sé margt gott sömuleiðis að finna í skipulagstillögunni. Nánar er fjallað um þetta í umfjöllun um einstaka efnisþætti hér á eftir.

Í lok greinargerðarinnar, á bls. 70, er greint frá hugmyndum að mælikvörðum svæðisskipulagsnefndar um framfylgd stefnu svæðisskipulagsins. Náttúrufræðistofnunin telur jákvætt að skilgreindir séu slíkir mælikvarðar en telur slæmt að engir þeirra eru um náttúrufræðistofnunarinnar svæðisins og áhrif stefnunnar á það, nema afmörkun og stærð friðlýstra svæða sem ekki er ljóst hvernig mun virka sem mælikvarði. Það þyrfti að skilgreina mælikvarða sem meta þolmörk náttúrunnar t.d. viðkvæmra jarðminja, lífríkis og landslags við þeim breytingum sem stefnan felur í sér, einkum í ljósi þeirra efnismiklu breytinga sem stefna svæðisskipulagsins felur í sér. Náttúrufræðistofnunin telur grundvallaratriði að náttúrufræðingar taki þátt í þróun mælikvarða. Til dæmis mætti leita til fulltrúa frá Kötlu jarðvangi sem þrjú sveitarfélög á Suðurlandi standa á bak við sem og Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarðs sem sinna umsjón verndarsvæða innan Suðrhálandisins. Náttúrufræðistofnunin er einnig tilbúin til að veita ráðgjöf þegar kemur að þessum mælikvörðum.

Samgöngur

Ein stærsta breytingin sem tillagan felur í sér eru áform um vegi. Skipulagstillagan áformar að meginstofnvegir á Suðrhálandinu verði uppbyggðir þannig að hægt sé að tryggja notkun þeirra minnst 5-6 mánuði á ári. Um fjóra slíka meginstofnvegi væri að ræða, Kaldadalsveg, Kjalveg, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri. Uppbyggingin fæli í sér hækkun, klæðningu og að

ár og lækir yrðu brúuð. Ljóst er að slík uppbygging fæli í sér mikla breytingu á ásýnd og notkun svæðisins miðað við núverandi stöðu. Slík eðlisbreyting er fordæmisgefandi fyrir því hvernig almennt eigi að horfa til hlutverks og eðlis Miðhálandisins. Ein afleiðing af bættum samgöngum er að fjölgi gesta og ökutækja verður meiri sem getur leitt til aukinnar hættu á raski, mengunarslysum o.fl. Huga þarf að heildstæðum áhrifum af bættum samgöngum og hvort viðkvæmri náttúru hálandisins geti stafað hætta af t.d. aukningu á umferð. Eitt er að auka aðgengi að náttúruverjum hálandisins en svo er annað hvort náttúran sé í stakk búin að taka við auknu álagi. Ekki kemur fram í svæðaskipulaginu að sveitarfélögin stefni að því að efla landvörslu eða eftirlit á Suðrhálandinu. Að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að breyttar forsendur um eðli samgangna á Suðrhálandi verði skoðaðar og ræddar í stærra samhengi áður en þær eru festar í sessi í svæðisskipulagi enda ljóst að breytingin myndi hafa mikil áhrif út fyrir Suðrhálandið, og þá sérstaklega á aðra hluta Miðhálandisins. Þá er ljóst að hún er ekki í samræmi við gildandi Landskipulagsstefnu.

Samkvæmt greinargerðinni verður horft til umhverfisverndar og landslagsgæða við breytingar á vegum eins og við aðra mannvirkjagerð og að hönnunarviðmið muni taka mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru með það að markmiði að lágmarka áhrif. Þá kemur fram að efnistökusvæði skuli vera í nágrenni vegstæðis og ekki á svæðum með hátt verndargildi. Þessi atriði eru sannarlega mikilvæg og Náttúrufræðistofnun telur afar brýnt að þessum viðmiðum sé fylgt eftir að öllu leyti og eigi við um alla vegagerð. Það breytir þó ekki mikilvægi þess að almenna breytingin og áhrif hennar sé skoðuð og rædd í stærra samhengi eins og áður segir. Þrátt fyrir að svæði sé ekki metið með hátt verndargildi getur það samt sem áður verið hluti af landslagsheild sem hefur mikið verndargildi. Setja þarf skýr skilyrði um efnistöku á hálandinu og frágangi náma eftir að efnistöku lýkur.

Ferðaþjónusta

Markmið svæðisskipulagsins eru í senn að viðhalda sérstöðu hálandisins er varðar óbyggðaupplifun en einnig að auka aðgengi og þjónustu fyrir gesti. Í þessu felst ákveðin mótsögn að mati Náttúrufræðistofnunar og því töluverð áskorun falin í því að útfæra skipulag ferðaþjónustu þannig að báðum markmiðum sé náð. Mikil aukning á umferð ferðafólks getur dregið úr óbyggðaupplifuninni ef ekki er vel staðið að málum. Jákvætt er að stefnt sé að samstarfi við ólíka hagaðila þ.m.t. stjórnvöld í náttúruvernd. Það er nauðsynlegt til að forðast mistök við uppbyggingu innviða og annað skipulag. Sérstöðu og verndargildi náttúru og landslags hálandisins ber að varðveita að mati Náttúrufræðistofnunar eins og áður hefur komið fram í umsögninni.

Stærsta áskorunin er skipulag og útfærsla við uppbyggingu þjónustu innan marka hálandisins. Fylgt er viðmiðum landsskipulagsstefnu um flokkun þjónustustaða í fjórar mismunandi gerðir. Náttúrufræðistofnun er sammála áherslunni á að beina mestri uppbyggingu á jaðarmiðstöðvar en telur varasamt að stefna að þeim mikla fjölda þjónustusvæða innan hálandisins líkt og gert er ráð fyrir í skipulagstillögunni. Þar er meirihluti vissulega skálasvæði eða fjallasel, sem samkvæmt viðmiðum eiga ekki að fela í sér stórtæka innviði. Hins vegar hefur nýlega verið töluvert um áform um stækkun innviða á fjallaselum Suðrhálandisins. Það endurspeglast í fjölda einstakra aðalskipulagsbreytinga eða deiliskipulagstillagna sem hafa verið til umfjöllunar eða eru þegar samþykkt hjá mörgum sveitarfélögum. Í sumum þessara tillagna er stefnt að því

að tvö- eða þrefalda núverandi fjölda gistirýma með umtalsverðri stækkun eða fjölgun á gistihúsum. Að mati Náttúrufræðistofnunar, líkt og komið hefur fram í umsögnum stofnunarinnar um einstök mál, er í sumum tilfellum verið að stækka gistiaðstöðu um of miðað við hlutverk þjónustustaðanna sem fjallasel og miðað við þol svæðanna fyrir aukinni umferð. Líkt og með áformaðar breytingar á vegakerfi felur fjölgun þjónustustaða og stækkun umfangs gistihúsa og annarra innviða sem felast í aukinni þjónustu í sér breytingu á eðli hálandisins og hætta er á að markmið um ósnortna óbyggðaupplifun fyrir ferðafólk verði fyrir skaða. Mikilvægt er að umfjöllun um almenna eðlisbreytingu á ásýnd og nýtingu hálandisins vegna breytinga á ferðþjónustu sé rædd í stærra samhengi en á vettvangi svæðisskipulags.

Í kafla um ferðaleiðir er fjallað um margs konar leiðir fyrir ólíka ferðamáta sem bætast við samgöngunet fyrir akandi umferð. Þetta eru reiðleiðir, gönguleiðir og hjólaleiðir. Mikilvægt er að skýr sýn sé að hversu þétt net ferðaleiða af öllum toga mismunandi svæði á Suðrhálendinu þoli. Sumar leiðirnar eru áberandi í landslagi og breyta ásýnd svæða. Aðrar fela í sér mikla umferð fólks með hættu á raski. Tryggja þarf að samspil ólíkra ferðaleiða gangi upp án þess að óafturkræft rask verði á verðmætum náttúruminum, víðernum og landslagi.

Í kafla um dreifikerfi raforku og fjarskipti er sett fram sú stefna að ný flutningskerfi raforku komi til greina á mannvirkjasvæðum og að eftir því sem kostur er skuli nota jarðstrengi. Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir styrkingu innan Suðrhálandis í kerfisáætlun Landsnets 2021-2030. Ekki er í greinargerðinni fjallað um hvað áætluð uppbygging innviða og þjónustustaða fyrir ferðþjónustu þýði fyrir orkuþörf og einungis almennt sagt að raforkuflutningar að þjónustustöðum eigi að vera um jarðstrengi til að draga úr umhverfisáhrifum, að mögulegt sé að nota örvirkjanir til raforkuframleiðslu, vatnsafl og vindorku, og að nýta eigi jarðhita þar sem þess er kostur. Náttúrufræðistofnun telur að leggja þurfi betra mat á hver líkleg orkuþörf vegna ferðþjónustu verði miðað við stefnu um uppbyggingu þjónustu og hvað það þýði í raun og veru fyrir orkuöflun og orkuflutninga á Suðrhálendinu. Þá getur jarðstrengjum fylgt töluvert rask, ekki síst ef þörf er á vegslóðum meðfram þeim við lagningu og viðhaldi þeirra. Jarðhitasvæði eru fágæt og hafa mikið alþjóðlegt verndargildi. Nýting jarðhita er ekki sjálfbær þar sem hún felur alla jafna í sér rask á oft viðkvæmum og verðmætum jarðhitasvæðum og að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að forðast sem mest slíka nýtingu á Suðrhálendinu.

Landslagsgreining og mat á verndargildi svæða

Til að leggja mat á verndargildi ólíkra svæða á Suðrhálendinu var farið í vinnu við landslagsgreiningu og skiptingu svæðisins í landslagsheildir sem síðan voru metnar með tilliti til verndargildis. Eins og áður sagði kom Náttúrufræðistofnun að vinnu við flokkun og mat á verndargildi landslags með tilliti til jarðminja. Varðandi vistgerðir og lífríki hins vegar telur Náttúrufræðistofnun að útskýra mætti betur í greinargerðinni hvaða tegundir lífvera sé verið að vísa í þegar kemur að tegundaauðgi og fágæti. Er einungis verið að vísa í plöntur eða komu smádyr eða fuglar við sögu? Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að horfa til mikilvægra búsvæða dýra eins og hægt er og má þar t.d. vísa í upplýsingar stofnunarinnar um fuglategundir og búsvæði þeirra.

Niðurstaða landslags- og verndargildisgreiningarinnar var notuð til að skipta landslagsheildum upp í fjóra megin flokka. Tveir flokkarnir fela í sér stefnu um verndun, Verndarheildir V1 og

V2, og tveir nýtingu, Mannvirkjasvæði M1 og M2. Þó ber að taka fram að skörun getur verið á verndarheildum og mannvirkjasvæðum. Hvernig tekist verður á við þá áskorun þarf að fjalla um betur að mati Náttúrufræðistofnunar. Það er sérstaklega mikilvægt þar sem mannvirkin eru ekki til staðar nú þegar en áformuð. Endurskoða þarf slík áform ef hægt er en í það minnsta tryggja að útfærsla þeirra rýri verndargildi náttúru svæðanna sem um ræðir eins lítið og hægt er.

Mynd 10 sýnir núverandi verndarsvæði og þar er greinilegt að svæði sem falla undir Verndarheildir V1 og V2 eru alls ekki öll undir verndun í dag eða undir takmarkaðri verndun (t.d. C-hluta náttúru-minjaskrár). Náttúrufræðistofnun telur að full ástæða sé til að fylgja eftir þessari greiningu með því að koma á (eða styrkja) verndun enda um svæði með afar hátt verndargildi á lands- eða jafnvel heimsvísu þar sem finnast einstakar jarðminjar, vistgerðir, landslagsform, víðerni o.fl. Samkvæmt greinargerðinni er stefnt að því að útfæra friðun á verndarheildum og það sett í hendur sveitarfélagana að útfæra með hverfisvernd í aðalskipulagi eða í samræmi við lög um náttúruvernd í samvinnu við náttúruverndaryfirvöld. Náttúrufræðistofnun telur þetta mjög jákvætt og mikilvægt og er stofnunin tilbúin að veita ráðgjöf um aðgerðir til náttúruverndar s.s. landslagsverndarsvæði, og bendir einnig á tillögur stofnunarinnar fyrir B-hluta náttúru-minjaskrár en nokkur svæði af þeim lista eru innan Suðurlandis t.d. Veiðivötn-Vatnaöldur, Lauffellsmýrar, Miklumýrar, Hólmsá o.fl. Mikil tækifæri eru fyrir nýjar friðlýsingar á Suðurlandinu að mati Náttúrufræðistofnunar eða stækkun þegar friðlýstra svæða m.a. Vatnajökulsþjóðgarðs og Friðlands á Fjallabaki.

Auðlindanýting

Áform um uppbyggingu innan mannvirkjasvæða þarf að vera þess eðlis að áhrif þeirra leiði ekki til þess að stækka þurfi mannvirkjasvæðin. Það á ekki síst við um orkuvinnslu en fram kemur að nýjar virkjanir komi einungis til greina á mannvirkjasvæðum þar sem þær skerða ekki víðerni. Ef þær eru t.d. staðsettar í jaðri mannvirkjasvæðis, en ekki miðju þeirra er ljóst að áhrifasvæðið mun ná inn á verndarheildir.

Á mynd 18 sést að á a.m.k. tveimur svæðum eru árekstrar milli hugmynda um orkuvinnslu og verndar. Það eru svæðin við Hólmsá og Hagavatn. Náttúrufræðistofnun telur að í báðum tilfellum ættu verndarhagsmunir að vega þyngra, enda verndargildi náttúru svæðanna mikið og áhrif af vatnsaflsvirkjunum myndu valda miklu óafturkræfu tjóni. Þá eru þessar virkjanir ekki í samræmi við stefnu Suðurlandisins í greinargerðinni þar sem fram kemur að varðveita sérstöðu hálendisins, vernda víðerni og dýrðmæta náttúru hálendisins.

Mjög mikilvægt sé að upplýsingar um vatnsból og áhrif vatnstöku á grunnvatnskerfi á Suðurlandinu séu til staðar og skynsamlegt er að stefnt sé að því að kortleggja ógnir. Náttúrufræðistofnun vill benda á að notkun blýhagla við veiðar og aukin umferð ökutækja geti einnig talist til ógna fyrir vatnsauðlindina.

Beit-, landgræðsla, endurheimt og skógrækt

Stefnt er að hóflegri beit á afréttum áfram með aukinni áherslu á beitarskipulag og beitarstýringu ásamt landgræðslu þar sem þörf er á að efla beitarþol. Þetta er ekki útfært frekar í skipulaginu enda það ef til vill ekki vettvangur til þess en Náttúrufræðistofnun hvetur

sveitarfélögin til að fylgja vel eftir þessum markmiðum enda víða á afréttinum gróður- og jarðvegseyðing að valda vandræðum.

Í kafla um loftslag eru sett fram markmið um að hefta losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis. Þar er m.a. talað um að auka nýskógrækt og landgræðslu til kolefnisbindingar. Náttúrufræðistofnun telur það ekki hæfa að beita innfluttum trjategundum í skógrækt á hálendinu og þar sem óbyggð víðerni er að finna (einnig neðan 400 metra hæðarlínu) og einblína ætti á áframhaldandi áherslu á birki og víðitegundir eins og í Hekluskógaverkefninu.

Jákvætt er að stefnt sé að því að sporna við ágangi ágengra tegunda. Þar þarf að forgangsraða svæðum sem hafa sérstaklega hátt verndargildi vegna lífríkis eða landslags, en aðgerðir til að hemja útbreiðslu tegunda eins og alaskalúpínu eru erfiðar og mikilvægt að skipuleggja þær vel þannig að þær hafi sem mest áhrif.

Umhverfisskýrslan

Eins og áður sagði er í umhverfisskýrslunni stillt upp þremur sviðsmyndum sem fela í sér mismikla áherslu á verndun og uppbyggingu mannvirkja. Hjá svæðisskipulagsnefnd hefur sviðsmynd B orðið fyrir valinu en Náttúrufræðistofnun telur sviðsmynd A heppilegri að öllu leyti.

Í töflu 11 er lagt mat á umhverfisáhrif sviðsmyndanna þriggja og gerður samanburður á. Náttúrufræðistofnun telur óheppilegt að umhverfisþátturinn jarðminjar hafi ekki fengið sérstakt mat, heldur er felldur inn í umfjöllun um landslag. Það er þrátt fyrir að fjölbreytileiki jarðmyndana er afar mikill innan Suðurhálendisins og margar þeirra með mjög hátt verndargildi bæði á lands- og heimsvísu. Má þar nefna jarðhitasvæði, samspil gosbelta og heita reitsins, gervigígar og hraunhellar, ásamt gífurlegum fjölbreytileika í virkri landmótun sem tengist bæði jöklum og eldvirkni svæðisins. Sérstök umfjöllun um jarðminjar sem umhverfisþátt á tvímælalaust rétt sér, jafnt á við gróður og dýralíf.

Í töflunni eru umhverfisáhrif almennt metin miðlungs þ.e. óveruleg í sviðsmynd B meðan þau eru engin eða hverfandi í sviðsmynd A fyrir flesta þætti en veruleg umhverfisáhrif í sviðsmynd C. Á þessu eru undantekningar sem eru flestar eðlilegar t.d. fylgir verra loftgæði rykmyndun á vegum án bundins slitlags og aðgengi í sviðsmynd A augljóslega verra. Hins vegar hefur Náttúrufræðistofnun efasemdir um nokkur tilfelli þar sem sviðsmynd B er talin vera með minnst neikvæð umhverfisáhrif af sviðsmyndunum þremur. Þetta eru eftirfarandi:

- Í umfjöllun um matsþáttinn andrúmsloft er talið að í sviðsmynd B sé meiri umferð á stofnvegum metin ólíkleg til að fara yfir mörk. Að gera stofnleiðir uppbyggðar og með bundið slitlag mun gjörauka umferð á þeim þó það sé ekki heilsársumferð. Meðal annars er mögulegt að þungaflutningar fari fram á stofnvegunum enda styttest leiðir milli landshluta töluvert. Náttúrufræðistofnun telur því ekki vera hægt að fullyrða að sviðsmynd B leiði ekki til umferðaraukningar sem geti farið yfir mörk varðandi loftgæði og að áhrifin verði jákvæð.
- Í umfjöllun um matsþáttinn byggð segir að skerðing á óbyggðaupplifun sé ólíkleg í sviðsmynd B, en þó möguleg vegna bættra vega. Fjölgun og uppbygging á

þjónustustöðum fyrir ferðafólk og aukin umferð fólks inn á svæðið yfir lengri tíma á ári getur einnig dregið úr óbyggðaupplifun. Líkur á að hún skerðist eru því töluverðar í sviðsmynd B að mati Náttúrufræðistofnunar.

- Í umfjöllun um matsþáttinn verndarsvæði er talið að uppbygging aðstöðu á áfangastöðum muni minnka álag á náttúrunni. Sú uppbygging sem fjallað er um er ekki einungis innviðir til að verja náttúruminjar, heldur frekar aðstaða fyrir ferðafólk t.d. gisting, aðkomuvegir o.fl. Ekkert útilokar að innviðir sem fyrst og fremst eru til að verja viðkvæmar náttúruminjar geti ekki fallið undir sviðsmynd A, og þar myndi minni umferð draga úr álagi frekar en að auka það. Samanburðurinn á þessum sviðsmyndum fyrir þennan matsþátt er ekki sannfærandi að mati Náttúrufræðistofnunar.

Í lok umhverfisskýrslunnar er lagt endanlegt mat á umhverfisáhrif stefnu svæðisskipulagsins og þar með í raun sviðsmyndar B. Svo virðist sem ekki sé fullt samræmi milli mats á umhverfisáhrifum sviðsmyndar B þegar sviðsmyndirnar þrjár eru bornar saman í töflu 11 og svo endanlegs umhverfismats stefnu svæðisskipulagsins í töflu 13. Það mat er mun jákvæðara að öllu leyti. Til dæmis er sviðsmynd B talin geta haft neikvæð áhrif á gróður og dýralíf vegna uppbyggingu mannvirkja en í töflu 13 er stefnan talin hafa jákvæð áhrif og að dreifing álags og betri stýring eigi að koma í veg fyrir neikvæðum áhrifum. Eins og áður hefur komið fram telur Náttúrufræðistofnun að aukin umferð um svæðið auki hættu á raski á viðkvæmum gróðri sérstaklega og sum þjónustusvæðin þar sem gert er ráð fyrir töluverðri uppbyggingu t.d. Kerlingarfjöll og Landmannalaugar eru nálægt viðkvæmum gróðursvæðum. Betri stýring er auðvitað af hinu góða en aukin umferð fólks um svæðið er alltaf líklegri til að auka líkur á raski og ekki síst ef um lengri tíma er að ræða sem sú umferð er í miklum mæli, þá fær náttúran minni tíma hverju sinni til að jafna sig. Þess ber að geta að litlar sem engar rannsóknir eru til um þolmörk náttúru á Suðrhálendinu og því þarf að gera betur grein fyrir því hvernig og hver sér um að framfylgja stefnu sem taka á tillit til þolmarka náttúru hálendisins með dreifðu álagi og stýringu samhliða fjölgun ferðamanna.

Sama á við um markmið um að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist ekki. Í töflu 13 er talið að stefnan muni tryggja þetta en í töflu 11 er talið að óbyggðaupplifun geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum og eins og fram hefur komið í umsögninni áður telur Náttúrufræðistofnun töluverða hættu á að það gerist með því að opna fyrir meiri og tíðari umferð inn á Suðrhálendið.

Samantekt

Náttúrufræðistofnun gerir allmargar athugasemdir við þá stefnu sem fram er sett í svæðisskipulagi Suðrhálendis og telur að hún feli í sér full stórfellda breytingu á eðli og notkun svæðisins miðað við núverandi notkun. Stefnt er að því að innleiða þessar breytingar en halda samt í sérkenni svæðisins m.a. óbyggðaupplifun og náttúrugæði. Það getur reynst mjög vandasamt að mati Náttúrufræðistofnunar ef sum áform ná fram að ganga, sér í lagi varðandi uppbyggingu stofnvega og mikla aukningu á þjónustu fyrir ferðafólk. Fara þarf varlega í þessum efnum að mati Náttúrufræðistofnunar og fleiri eiga erindi að ákvarðanatöku um svo stórar breytingar. Hugmyndir um verndun lykilsvæða með hátt verndargildi eru jákvæðar og tryggja þarf að slíkt sé framkvæmd þannig að árangri verndunar sé náð. En mörg svæði með hátt verndargildi eru þar sem stefnt er að aukinni uppbyggingu og meiri þjónustu fyrir ferðafólk og

Þar þarf að sýna mikla aðgát til að verndargildi svæðanna sé ekki ógnað. Tryggja þarf að gott eftirlit sé með þolmörkum viðkvæmrar náttúru fyrir auknu álagi. Það er lykilatriði. Margt annað í stefnunni er jákvætt og felur í sér áherslur um sjálfbæra nýtingu og virðingu fyrir náttúrugæðum og sérstöðu svæðisins. En stóru breytingarnar þurfa frekari umræðu í stærra samhengi. Náttúrufræðistofnun á von á að umræða um stefnu svæðisskipulagsins muni haldi áfram og vonandi leiða til almennari umræðu um hlutverk og eðli Miðhálandisins alls. Náttúrufræðistofnun er reiðubúin og telur sig hafa mikilvægt hlutverk í frekari umræðu og er tilbúin að veita Svæðisskipulagsnefnd frekari ráðgjöf um hvernig best sé að því staðið að vernda verðmæta náttúru svæðisins.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs